

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1189 Rifós hf. Lónin Kelduhverfi	Lónin Kelduhverfi 671 Kópasker	Linda Björk Níelsdóttir Gæðatengill			
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	7.7.2023	19.7.2023	12,00	0,00	0,00

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

#### Niðurstaða eftirlits

Undirritaður fékk send gæðaskjöl í tölvupósti. Þau voru skoðuð fyrir vettvangs eftirlitið. Ekkert frávik var gert við eftirlitið.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

#### Starfsstöð

Rifós hf. Lónin Kelduhverfi  
Lónin Kelduhverfi  
671 Kópasker  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 5006922869

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1

#### Tengiliðir

Linda Björk Níelsdóttir	865-5961	linda.bjork@icefishfarm.com	Gæðatengill
Fannar Helgi Þorvaldsson	8962141	fannar@rifos.is	Framkvæmdarstjóri
Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri

2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 07.07.2023

Í lagi

---

Lífmassapróun í stöðunni frá seinasta eftirliti er:

júní 2022 - 70 tonn  
júlí 2022 - 67 tonn  
ágúst 2022 - 80 tonn  
sept 2022 - 94 tonn  
okt 2022 - 35 tonn  
nón 2022 - 17 tonn  
des 2022 - 38 tonn  
jan 2023 - 55 tonn  
feb 2023 - 69 tonn  
mars 2023 - 94 tonn  
apríl 2023 - 52 tonn  
maí 2023 - 64 tonn  
júní 2023 - 80 tonn

Leyfið heimilar 400 tonna hámarkslífmassa.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 17.07.2023

Lagfært á  
staðnum

---

Vörn yfir niðurfalli ekki á sínum stað þegar skoðunarmaður mætti.

**19. gr í reglugerð nr. 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis .**

Allur búnaður sem notaður er í fiskeldisstöð er í góðu ásigkomulagi og vel við haldið.  
Viðhald á eldisbúnaði er skráð.

? Öll ker, niðurföll og frárennsli er útbúin með búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr fiskeldisstöð. Ef fiskur sleppur úr eldisstöð þarf búnaðurinn að vera þess eðlis að geta fangað fiskinn og komið í veg fyrir að hann komist lengra upp í vatnssvæði í kringum stöðina.

? Vatnshæð í eldiseiningum er ekki það há að hætta sé á að fiskar hoppi yfir brúnina.  
Ef grunur er um að fiskeldisstöð uppfylli ekki allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit skal skoðunarmaður tilkynna athugasemd til Umhverfisstofnunar.

Mynd 1



#### Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

5.1.2 Þjálfun starfsfólks  
(rekstrarleyfi > 20.tonn)

5.1.4 Viðbragðsáætlanir  
(rekstrarleyfi > 20.tonn)

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun  
(rekstrarleyfi > 20.tonn)

---

Andri Snær Þorsteinsson  
andri@mast.is  
Sérfræðingur  
8448396

### Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

### Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

#### LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikíð það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

#### F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

#### A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

#### Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

#### Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratríði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

#### Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratríði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratríði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

#### Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis